

Nr. 061 / 12 Zodiac skemmtibátur**Maður fyrir borð**

Skipaskr.nr. Óskráður
Smíðaður: Canada Bombardier (Zodiac) 1987
Stærð: brl. bt.
Mesta lengd: 4,7 m Skráð lengd:
Breidd: m Dýpt: m
Vél: Yamaha 29 kW (40 hö) 1987
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni


Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 17. júní 2012 var Zodiac skemmtibátur á siglingu á Borgarfirði. Veður: SV 5-6 m/s.

Á siglingunni féll formaður bátsins fyrir borð og tókst ekki að synda að bátnum aftur vegna vinds og mikils straums. Hinn bátsverjinn, sem er ung dóttir formannsins, reyndi að sigla bátnum til hans en þá stöðvaðist utanborðsmótorinn og henni tókst heldur ekki að róa bátnum vegna aðstæðna þ.e.a.s. útfallsstraums og vinds inn fjörðinn. Hún óttaðist um afdrif föður síns og tók þá ákvörðun að yfirgefa bátinn. Þau og bátinn rak út fjörðinn og stúlkunni tókst að komast upp í Borgareyjar. Þar fann skipverji annars báts stúlkuna og kallaði eftir aðstoð.

Ræstar voru út björgunarsveitir og þyrila LHG fann formanninn eftir um 2 ½ klst. volk í sjónum. Hann hafði þá rekið um 5,8 sml. frá þeim stað sem hann féll útbyrðis. Báðir bátsverjarnir voru í flotvinnubúningum.

**Við rannsókn kom fram:**

- að formaðurinn sat á sæti aftast fyrir miðju bátsins framan við mótorinn. Sætið var um 50 sm að hæð og var boltað niður í botnplatti en það náði

ekki aftur að gafli og fór því hægri fótur hans aftur fyrir sætið um leið og hann féll til vinstri yfir á bakborðs blöðru bátsins. Þegar sjórinn náði til formannsins dróst hann aftur af blöðrunni og í sjóinn. Fyrst reyndi hann að synda að bátnum en án árangurs. Þá reyndi hann að fara þvert á straumstefnu en hann komst aldrei út úr megin straumnum;

- að mótorinn stöðvaðist ekki þegar formaðurinn féll fyrir borð þar sem hann hafði ekki tengt neyðarstöðvun vélarinnar við sig. Báturinn sigldi því áfram á hægri ferð þar sem formaðurinn kvaðst hafa minnkað bensíngjöf;
- að stúlkan náði stjórn á bátnum, sneri við og sigldi að formanninum í sjónum. Þegar komið var nær alveg að honum minnkaði stúlkan ferðina en þá stöðvaðist mótorinn. Þrátt fyrir ungan aldur hennar kom hún mótornum í gang aftur en náði ekki að sigla bátnum. Hún reyndi að róa en báturinn fór í hringi. Hún hugðist þá synda til föður síns í sjónum en þegar hún var komin í sjóinn sá hún ekki lengur til hans. Komst hún ekki aftur upp í bátinn og varð viðskila við hann. Hún reyndi fyrst að synda í átt að bryggjunni í Borgarnesi og síðar Rauðanesvita;
- að sögn formanns er „andvægiszinkið“ nokkuð rétt stillt og ef stýrissveifinni var sleppt hélt báturinn nokkuð beinni stefnu en beygði samt aðeins í bak;
- að lögregla skoðaði bátinn og mótor eftir að hann hafði verið tekinn í land og kom í ljós að neyðarstöðvunarbúnaðurinn virkaði ekki;
- að neyðarstöðvunarbúnaður mótorsins er sérstakur „lykill“ eða klofinn hringur sem er smeygt undir rafmagnsrofa framan á mótornum. Ef „lykillinn“ dregst út á mótorinn að stöðvast. Unnt er að ræsa mótorinn aftur með því að halda rafmagnsrofanum inni. „Lykilinn“ á að festa með gormsnúru við stjórnanda sem á að fylgja honum ef hann fellur fyrir borð og stöðvast þá mótorinn;
- að straumhraði var talinn vera 5-7 hnútar en rek slasaða var 5,8 sml. á 2,5 klst. eða 2,3 hnútar að jafnaði;
- að mældur hiti á útfalli dagana 18. og 19. júní var 11°C;
- að formaður taldi að þar sem hann féll útbyrðis hafi verið straumaskil og myndast tvíalda (straumhnútur) en hann var á þessum tíma í „nettri“ bakborðsbeygju;
- að maðurinn sem fann stúlkuna í Borgareyjum sagðist hafa reynt að ná símasambandi við formanninn en hann vissi af því að þau feðginin hefðu ætlað út á fjörð. Þegar hann náði ekki símasambandi við hann ákvað hann að sigla út og kanna með þau;
- að feðginin voru í flotvinnubúningum af SUNDRIDGE gerð en tekið er fram af framleiðanda að þetta sé flotvinnubúningur til notkunar á lokuðum hafsvæðum þar sem björgunar má vænta fljótlega;
- að enginn kasthringur var í bátnum eða tiltækt tóg til að kasta til þess sem fór fyrir borð. Hvorki voru neyðarblys né fjarskiptatæki um borð en formaður var með farsíma í vasanum sem blotnaði og varð því gagnslaus. Hann var einnig með GPS-staðsetningatæki sem skráði siglinga- og rekferil hans;
- að skipbrotsmaðurinn fannst á stað 64°27,31'N og 22°03,06'V. Hann var hífður upp í þýrluna mjög þrekaður og gefinn heitur vökvi í æð. Við komu á sjúkrahús var mældur líkamshiti 32°C
- að nokkrar tímasetningar í ferli málsins;

- kl. 20:30 talið að formaðurinn hafi fallið fyrir borð
- kl. 21:30 finnst stúlkan í Borgareyjum.
- kl. 21:56 boðar Neyðarlínan – 112 út björgunarsveitina Brák
- kl. 21:57 boð á björgunarsveitina á Akranesi
- kl. 22:00 finnst báturinn mannlaus á reki
- kl. 22:11 LHG – VSS gert viðvart um atvikið
- kl. 22:11 þyrta kölluð út til leitar, útkall; ALFA. Eftir það voru aðrar björgunarsveitir á svæðinu boðaðar út
- kl. 23:04 finnur þyrta formanninn skammt norðan Miðfjarðarskers

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.